



## Siðfræði í bókmenntakennslu

Þóra Björg Sigurðardóttir

► Abstract    ► Um höfundinn    ► About the author    ► Heimildir

Rannsóknin sem hér segir frá er hluti af stærra rannsóknarverkefni um siðfræði í bókmenntakennslu. Í þessari grein er sjónum beint að reynslu íslenskukennara af því að kenna unglingum í 9. og 10. bekk í grunnskóla Íslendingasöguna Laxdælu með sérstakri áherslu á siðferðileg hugtök og siðferðilegar pælingar tengdar sögunni. Leitað er svara við tveimur spurningum sem eru:

i. Hvernig þykir kennurum það fara saman að kenna um siðferði og að kenna bókmenntir eins og Laxdæla sögu?

Spurningunum er svarað með vísun í viðtalsrannsókn og tilraunakennslu sem fór fram í þremur grunnskólum. Gagnasöfnun fólst í 10 viðtölum við fimm kennara og vettvangsathugunum í kennslustundum hjá þeim sem varpa frekara ljósi á viðhorf kennaranna. Kennurunum til halds og trausts var útbúið verkefnahefti þar sem sérstök áhersla var lögð á hið siðferðilega sjónarhorn og dygðir og lesti sögupersónanna í Laxdælu.

Í viðtölum við kennarana kom fram hvernig þeir settu siðfræðiverkefnið í samhengi við hugmyndir sínar um tilgang þess að kenna bókmenntir eins og Laxdæla sögu. Í stórum dráttum má segja að svarið við seinni spurningunni sé að kennarar fari upp fjögur þrep til þess að tengja nemendur sögunni, sem miða öll að því að njóta bókmenntanna. Í raun birtist þarna viðhorf í þá veru að bókmenntir eigi að vera bæði mannbætandi og þroskandi á listrænan hátt og þær hafi gildi í sjálfu sér.

Samkvæmt kennurunum hjálpaði tengingin við siðfræði og það að skoða persónur og gjörðir út frá sjónarhorni dygdanna nemendum við að setja sig í spor persónanna og það dýpkaði fyrir þeim söguna. Fyrri spurningunni má því svara þannig að skipuleg umfjöllun um siðferðileg hugtök og orðaforða og samræða um siðferðileg efni geti, að mati kennaranna sem tóku þátt í verkefninu, aukið áhuga unglunga á bókmenntum og hjálpað þeim að skilja bókmenntatexta.

**Efnisorð:** Laxdæla saga, bókmenntakennsla á unglingastigi, siðferðilegt uppeldi, siðferðilegur orðaforði, siðferðilegar dygðir, lýðræði.

### Inngangur

Viðtalsrannsóknin sem hér segir frá er hluti af stærra rannsóknarverkefni sem fjallar um það hvort hægt sé að nota bókmenntakennslu til að efla siðferði nemenda á unglingastigi og um leið hvort umfjöllun um siðferðileg hugtök og samræða um siðferðileg efni geti aukið áhuga unglunga á bókmenntum og hjálpað þeim að skilja bókmenntatexta.

Stuttlega er sagt frá verkefninu í fyrstu greininni í þessu sérriti (Atli Harðarson, Ólafur Páll Jónsson, Róbert Jack, Þóra Björg Sigurðardóttir og Sigrún Sif Jóelsdóttir, 2018). Í þessari grein verður sjónum beint að upplifun og reynslu fimm íslenskukennara af því að kenna unglingum í 9. og 10. bekk í grunnskóla Íslendingasöguna Laxdælu með sérstakri áherslu á siðferðileg hugtök og siðferðilegar pælingar tengdar sögunni. Leitað verður svara við tveimur spurningum: i. Hvernig þykir kennurum það fara saman að kenna um siðferði og að kenna bókmenntir eins og Laxdæla sögu? ii. Hvaða tilgang sjá kennarar með því að kenna Laxdæla sögu?

## Lýðræðisleg húmanísk menntun

„Það er engin leið að gera manninn sem skynveru að skynsemisveru nema með því að koma honum fyrst í kynni við fegurðina“ (Schiller, 2006, bls. 206). Svona komst Friedrich Schiller (1759–1805) að orði fyrir liðlega hundrað árum. Hann lagði áherslu á menntagildi listanna og mikilvægi þess að nám væri leikur og að leikhvöt manna fengi notið sín þar sem hún gegndi mikilvægu hlutverki fyrir listina að lifa. Schiller sagði enn fremur að hið fagurfræðilega, listin, ætti ekki einungis að vera umgjörð, afþreying eða siðapredikun heldur tengdi hún saman skynsemina og skynjunina og gerði þannig manninum „kleift að gera úr sjálfum sér það sem hann kærir sig um [...] honum [...] hlotnast að fullu frelsi til að vera það sem hann skal vera“ (Schiller, 2006, bls. 195). Þannig taldi hann ímyndunaraflíð rjúfa mörkin á milli veruleikans og hins mögulega og að í frjálsum leik og listum gæfist manneskjunnar frelsi til að þroskast til fulls.

Í lok átjándu aldar var Schiller frumkvöðull þeirra húmanísku hugmynda að menntun ætti að þroska manneskjuna alla og þar hefðu listir og leikur mikilvægu hlutverki að gegna. Tilfinningar ættu ekki að hafa minna vægi en rökhugsun og þekkingaratriði sem upplýsingin hélt á lofti en hann taldi að til þess að mennta manneskjuna alla þyrfti að hlúa að öllum eðlisþáttum hennar. Á 19. öld tóku húmanistar sem urðu fyrir áhrifum frá Schiller undir þessar hugmyndir um að listir og bókmenntir væru mannbætandi og þroskandi (Atli Harðarson, 2011). Þessi sjónarmið voru stundum tengd skólum fyrir yfirstétt frekar en alþýðu en þau hafa samt sem áður átt sér málsvara meðal ólíkra stétta og félagshópa. Einn talsmaður svipaðra sjónarmiða var til dæmis Du Bois sem talaði máli síns fólks, bandarískra blökkumanna, fyrir einni öld. Hann lagði áherslu á að bókmenntir og listir, svokölluð hámenning, væri ekki síður mikilvæg til að mennta börn en menntun sem hefði eingöngu notagildi að leiðarljósi, og taldi raunar að það fælist í því lítilsvirðing að koma fram við manneskjur einungis út frá hugmyndum um nytsamlega menntun (Du Bois, 2015).

Margir menntaheimspekingar tuttugustu aldar, eins og t.d. Maxine Greene (1973) og Martha Nussbaum (1997, 2010), hafa einnig lagt áherslu á mikilvægi lista og menningar sem bæði inntak og markmið menntunar fremur en að líta svo á að menntun hafi fyrst og fremst hagnýtt gildi fyrir atvinnulífið. Þær halda því fram að mikilvægt sé að öðlast skilning á mannlegri reynslu af ólíkum toga í tengslum við þá flóknu veröld sem við lifum í; maðurinn geti ekki tengt sig veröldinni í kringum sig með staðreyndum einum og rökum. Þær benda á að meðal nauðsynlegra hæfileika nemenda sé m.a. ímyndunarafl og geta til að sjá fyrir sér hvernig sé að vera einhver annar; setja sig í spor annarra manneskja og vera læs á sögur þeirra með því að skilja tilfinningar þeirra, óskir og þrár, hvort sem um sé að ræða reynslu liðinna kynslóða, aðstæður fólks sem býr annars staðar á hnettinum eða hugarheim þess sem lifir og hrærist við aðrar aðstæður en við sjálf.

Martha Nussbaum (2010) veltir því fyrir sér hvort leikur og samhygd séu ef til vill einhver besta lýðræðismenntunin; menntun sem stuðli að því að fólk sjái heiminn með augum annarra. Niðurstaða hennar er sú að samfélagið hafi þörf fyrir menntun þar sem lögð sé rækt við gildi eins og mannvirðingu og mannhelgi, að velferð hvernar manneskju skipti máli og að líta skuli á annað fólk sem jafningja þótt það sé ólíkt manni sjálfum. Í samræmi við þetta lagði hún áherslu á að mennta „innra auga“ nemandans í gegnum listir og húmanísk fög sem hæfa aldri og þroska og hjálpa nemendum þannig að mynda tengsl við fólk af ólíku kyni, kynþáttum og þjóðerni.

Til að vera borgari í heimi margbreytileikans þarf skilning á lífi fólks sem er öðruvísi. Í slíkri menntun felst að læra að lifa með öðrum með virðingu fyrir því sem er framandi (Nussbaum, 2010, bls. 108).

Nussbaum taldi það ekki síður þátt í lýðræðislegri, húmanískri menntun að örva nemendur til að hugsa og móta sjálfa sig í stað þess að þeir beygi sig undir yfirvald og hefðir eða fyrir fram ákveðin markmið kennsluefnis. Það þyrfti að vekja þá til umhugsunar og auka skilning þeirra á málefnum sem snerta bæði þá og aðra og gefa þeim tækifæri til að lifa sig inn í hlutina og uppgötva sjálfir og laða þannig fram hugmyndir þeirra um ýmis álitamál mannlegs lífs.

Áhersla á lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun í nútíðandi Aðalnámsskrá samrýmst vel þeim markmiðum sem Nussbaum setur húmanískri menntun. Þar segir til dæmis um jafnréttismenntun: „Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2016, bls. 15). Og um sköpun segir meðal annars:

Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild. Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2016, bls. 16–17).

Bókmenntaverk eru kjörin til að auka skilning nemenda á siðferði og mannlífínu í öllum sínum margbreytileika. Þau hafa gjarnan verið notuð til að víkka út sjóndeildarhring nemenda, innræta þeim ákveðnar hugmyndir um réttlæti og fjalla um þá sem minna mega sín í samfélaginu (Kristján Jóhann Jónsson, 2016, bls. 65–69; Dagný Kristjánsdóttir, 2010).

Í Aðalnámsskrá segir um bókmenntakennslu: „Í bókmenntum finna ungir lesendur fyrirmyndir og geta sett sig í spor persóna. Þannig getur bókmenntakennsla í skólum stuðlað að sterkari sjálfsmynd nemenda og kennt þeim umburðarlyndi í garð ólíkra menningarsamfélaga og minnihlutahópa“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2016, bls. 99). Þar er einnig kveðið á um að nemendur kynnist menningararfi Íslendinga í gegnum bækur og geti lesið texta með gagnrýnum huga og „ráði yfir ýmsum leiðum til skilnings og túlkunar“. Í lok 10. bekkjar á nemandi að geta „valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2016, bls. 102–103). Umfjöllun í Aðalnámsskrá um bókmenntakennslu fellur því vel að hugmyndum Schillers á 18. öld, Du Bois fyrir hundrað árum og Greene og Nussbaum í seinni tíð.

Bókmenntakennsla í íslenskum skólum hefur lítið verið rannsökuð (Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson, 2018, bls. 126) en líkast til hafa margir bókmenntakennarar haft það að markmiði að auka skilning nemenda á siðferði og mannlífi, hver á sinn hátt, samhliða því að miðla þekkingu á bókmenntunum sjálfum, sögu þeirra, þróun og einkenum. Í spánýrri rannsókn á íslenskukennslu í grunnskólum og framhaldsskólum (Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson, 2018) birtast sjónarmið hjá kennurum sem ríma vel við það sem hér hefur komið fram. Bókmenntakennarar sem rétt var við telja að það sé mikilvægt að börn njóti þess að lesa bækur, það sé mikilvægt að virkja ímyndunarafl þeirra og sköpun og að þau læri að setja sig í spor annarra (Kristján Jóhann Jónsson og Arngrímur Angantýsson, 2018, bls. 97–100).

Þegar spurt var um menntunar- og menningarlegt gildi bókmennta svöruðu kennararnir með svipuðum hætti. Þeir vilja að nemendur öðlist „innsýn í mannlíf og samúð með öðru fólki, líka víðsýni og umburðarlyndi sem nýtist þeim í lífinu“ (Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson, 2018, bls. 118). Þá finnst kennurum mikilvægt að bókmenntir miðli

menningararfnum. Í því samhengi virðist almennt ríkja sátt um það að kenna Íslendingasögurnar í grunn- og framhaldsskólum og það kemur einnig fram í rannsókninni að meirihluti nemenda virðist hafa gaman af lestri miðaldabókmenntanna og þeim veruleika sem þær segja frá (Kristján Jóhann Jónsson og Arngrímur Angantýsson, 2018, bls. 127). Loks segja kennarar að gildi bókmennta felist í því að nemendur læri að lesa í merkingu á „milli línanna“ sem þýðir væntanlega að hafa skilning á, túlka og draga sínar eigin ályktanir af því sem textinn segir (Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson, 2018, bls.118).

Það er þó ekki skýrt hvernig þetta fer fram; hvernig tekst að tengja nemendur við textann, hvernig kennari stuðlar að því að nemandi setji sig í spor annarra og síðast en ekki síst, hvernig nemendur verða að sjálfstæðum lesendum sem öðlast skilning, túlka og draga sínar eigin ályktanir. Í kaflanum um bókmenntir og bókmenntakennslu í umræddri íslenskurannsókn segja höfundar (Dagný Kristjánsdóttir, Jón Yngvi Jóhannsson, Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson) að ekki sé sérstaklega hjálplegt þegar kennarar segist leggja áherslu á skilning og túlkun án frekari skýringa á því hvernig það sé gert. Niðurstaða rannsóknar þeirra er að í bókmenntakennslu í grunnskólum sé lítil og ómarkviss áhersla á bókmenntafræðihugtök og önnur greiningarhugtök (Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson, 2018, bls. 98–99, 116 og 130).

Ef litið er til ákveðinna kennslubóka má sjá vísbendingar um það hvernig hægt er að laða fram sjónarmið nemenda, túlkun þeirra og skilning á bókmenntaarfinum. Í ýmsum skólaútgáfum Íslendingasagnanna, kennsluleiðbeiningum Brynhildar Þórarinsdóttur (2002) með Njálu og nú síðast í útgáfum Menntamálastofnunar á bæði Laxdæla sögu (2017) og Gísla sögu (2017) eru spurningar í lok hvers kafla sem miða að því að fá nemendur til þess að fást við fleira en staðreyndir textans, svo sem að ræða ýmis álitamál, lesa á milli línanna og mynda sér sjálfstæðar skoðanir á persónum og athöfnum þeirra.

Enn sterkar er kveðið að í bókinni *Lífsleikni Njálu – Siðfræðileg umhugsunarefni fyrir ungt fólk* eftir Arthúr Björgvin Bollason (2010) sem fjallar sérstaklega um Njálu út frá sjónarhorni siðferðis; dygðum og löstum, atferli og breytni persóna í sögunni. Markmiðið er „að komast nær persónum sögunnar, átta sig betur á þeim fjölbreyttu manngerðum sem höfundur teflir fram fyrir augum okkar [...] skilja hvað það er sem ræður mannlegri breytni, háttalagi fólks yfirleitt.“ Enn fremur er ætlunin að þar með geti „persónur Njálu hugsanlega stuðlað að því að við eigum auðveldara með að skilja hvað það er sem skilur á milli rangrar og rétrar, eða góðar og slæmrar breytni“ (Arthúr Björgvin Bollason, 2010, bls. 9).

Í Aðalnámskrá grunnskóla er ekki beinlínis minnst á að þroska siðferðisvitund nemenda í tengslum við bókmenntalestur þó margt af því sem áður hefur komið fram sé auðvelt að tengja við siðferði, samhygd og réttlæti. Um hæfniviðmið í bókmenntakennslu í framhaldsskóla segir hins vegar að „nemandi skuli geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015, bls. 92).

Siðgæðisvitund er samt sem áður meðal áherslupátta í grunnskólalögum, og útleggst þannig í Aðalnámskrá að nemendur „efli siðferðisþroska sinn og geti sett sig í spor annarra. Tilfinningar og reynsla nemenda gegna lykilhlutverki í þróun siðferðiskenndar þeirra sem felst í því að þeir tileinki sér hvað telst rétt og rangt, gott og slæmt í breytni fólks. Nemendur þurfa að taka siðferðilega afstöðu til álitamála og virða rétt hvers og eins til að láta skoðanir sínar í ljós [...] og bera virðingu fyrir öðrum“ (lög um grunnskóla nr. 91/2008; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2016, bls. 37).

Til þess að skoða siðferði í bókmenntaverkum og hegðun og breytni sögupersóna á ígrundaðan hátt þarf í senn að vinna með inntak og umgjörð námsins. Ef vinna á markvisst með siðferðilegt inntak bókmenntanna og gefa nemendum færi á að kafa undir yfirborðið – skoða athafnir og persónur af einhverri dýpt – þarf að vinna með greiningarhugtök og sameiginlegan siðferðilegan

orðaförða. En orðaförðinn einn og sér nægir ekki heldur er nauðsynlegt að virkja tilfinningar, forvitni og ímyndunarafl nemenda og leyfa þeim að leita sjálfir að svörum, eiga opnar samræður um persónur og atburði, leika sér með möguleika og draga sínar eigin ályktanir út frá þeim. Það að hugsa með öðrum er æfing í lýðræðislegri þátttöku, í frjálsum skoðanaskiptum og sjálfstæðum efnistökom en ekki síður því að sjá heiminn með augum annarra, uppgötva, hlusta á og virða tilfinningar og sjónarmið annarra manneskja og vinna saman að ákveðnu markmiði. Í opinni samræðu gefst nemandanum færi á að njóta samnæmis og leggja sitt af mörkum sem einstaklingur en vera um leið mikilvægur hluti af heild.

Með bókmenntakennslu gefst ákveðið ráðrúm til að fjalla um siðferðileg álitamál án þess að það tengist nemendum sjálfum eða verið sé með beina innrætingu í siðferðismálum. Það gefur nemendum fjarlægð til að móta sjálfa sig og velta fyrir sér hvernig megi lifa vel í samfélagi við aðra (Ólafur Páll Jónsson, 2018). Og það að vera ekki bundinn við fyrir fram gefin svör en hafa skilning á sameiginlegum orðaförða um siðferði gefur nemendum tækifæri til að gera eigin uppgötvanir og sjá persónur og mannkosti þeirra frá mörgum hliðum (Atli Harðarson, 2018).

Í því ljósi er áhugavert að skoða afstöðu nemenda í íslenskurannsókninni þar sem þeir segja sjálfir að sá þáttur í bókmenntanáminu sem þeir kunni best að meta sé umræður um bókmenntaverkin og að þær séu það sem þeir læri mest af. Þeir eru einnig ánægðir ef bókmenntakennslan er tengd við aðra listmiðla og skapandi verkefni og „hæla kennurum fyrir fjölbreyttar námsleiðir og að virkja sköpunarkraft“ (Kristján Jóhann Jónsson og Arngrímur Angantýsson, 2018, bls. 121). Ef til vill eru það slíkar umræður um bókmenntaverk sem vekja til umhugsunar, skapa vettvang fyrir ímyndunarafl til að rjúfa mörkin milli veruleikans og hins mögulega (í frjálsum leik og listum) og örva nemendur til að hugsa sjálfir um ýmis álitamál mannlegs lífs; slíkar umræður gefa þeim frelsi til að þroskast sem manneskjur.

## Rannsóknaraðferðir

Undirbúningur að rannsóknarverkefninu hófst haustið 2016 þegar fengust til samstarfs fimm kennarar úr þremur grunnskólum (Atli Harðarson o.fl., 2018). Síðan þá hafa þeir kennarar einnig verið nokkurs konar samstarfsaðilar kennsluverkefnisins. Í samráði við kennara var bókmenntaverk, aldur nemendahóps og kennslutímabil valið og undirbúningur að kennsluverkefninu hafinn. Kennsluverkefnið fór síðan fram haustönn 2017 yfir sex vikna tímabil frá október og fram í miðjan nóvember.

Íslendingasagan Laxdæla varð fyrir valinu og ákveðið var að kenna hana á sex vikna tímabili haustið 2017, bæði 9. og 10. bekk, í alls 10 nemendahópum/bekkjum. Notuð var einfölduð útgáfa Laxdælu sem Gunnar Karlsson bjó út fyrir grunnskóla. Önnur útgáfa bókarinnar var í vinnslu hjá Menntamálastofnun þetta misseri en rannsakendur fengu leyfi til að fjölfalda næstum fullgerða bók með því skilyrði að henda fjölríttinu að verkefninu loknu.

Á fundum með kennurum var tilhögun kennslunnar rædd og einnig ákveðið að rannsóknarteymið myndi útbúa verkefnahefti (námsfni og kennsluleiðbeiningar) til að styðja kennarana í að beina sjónum að siðferðilegum þáttum sögunnar og draga fram tiltekna siðferðilegar dygðir sem rætt yrði um í kennslustundum. Róbert Jack útbjó heftið og hugmyndir sem að baki því liggja eru skýrðar í tveim greinum eftir hann í þessu sériti Netlu (Róbert Jack, 2018a, 2018b). Heftið er nú aðgengilegt á vef Menntamálastofnunar (Róbert Jack, 2018c). Í heftinu eru meðal annars verkefni þar sem siðferðilegum hugtökum og orðaförða um dygðir og lesti er markvisst beitt til að fjalla um atvik og persónur í Laxdæla sögu. Í verkefnaheftinu var lögð áhersla á átta dygðir: *þrautseigju, örlæti, heidarleika, sjálfsaga, hugrekki, kærleika, sanngirni og sáttfýsi* en einnig var að finna langan lista yfir dygðir sem kennarar gátu notað að vild. Í upphafi var það svo í höndum hvers kennara að kynna þessar dygðir og finna efnistökm sem hæfðu kennslunni.



Í verkefnaheftinu voru viðfangsefni eins og:

Flokkaðu mannkosti í tvo flokka:

- a) 1. eitthvað sem maður er góður í (hæfileikar) t.d. góður að lesa og
- b) 2. góðir eiginleikar sem hafa með samskipti við aðra að gera t.d. hjálpssemi

Einnig voru ýmsar æfingar sem snerust um það hvaða dygðum nemendur vildu búa yfir sjálfir, hvað teldist dygðugt líf, hvaða persónur í kvikmyndum þeir teldu dygðugar o.s.frv. Þar voru líka dæmi um skilgreiningar á dygðum, t.d.

*hugrekki*: að hafa styrk og vilja til að gera það sem er rétt jafnvel þótt maður kunni að vera hræddur.

Sagan sjálf, Laxdæla, var aðalkennsluefnið en verkefnaheftið mótaði yfirferðina þar sem sagan var lesin með hliðsjón af verkefnum sem fjölluðu um siðferðilegar dygðir. Þannig voru sem sagt dregnir fram með skipulögðum hætti þættir sem tengdust mannkostum persónanna og siðlegri breytni. Sem dæmi um spurningar tengdar köflunum má nefna: „Hver sýnir *hugrekki* í kaflanum? Hvernig sýnir viðkomandi *hugrekki*? Er munur á *hugrekki* til forna og nú?“ Lagt var upp með að nálgast viðfangsefnið á skipulegan hátt og kanna hvernig samræða um bókmenntatextann gæti glætt skilning nemenda á þessum hugtökum og atriðum sem skipta máli fyrir siðferði fólks.

Allir kennararnir fylgdu endurgerð Gunnars Karlsonar á sögunni og verkefnahefti Róberts Jack í megindráttum. Þeir notuðu tíma í upphafi til að kynna nemendum dygðirnar og hina siðfræðilegu nálgun og mátuðu svo þessar átta dygðir við persónur og atburði í fyrstu köflum bókarinnar. Í verkefnaheftinu voru spurningar úr hverjum kafla fyrir sig. Það var bæði hægt að vinna með þessar spurningar skriflega og munnlega, kennarinn sjálfur eða nemendurnir gátu haft þær sem hjálpargagn eða sem meginþráð. Kennurum var sem sagt í sjálfsvald sett hvernig þeir notuðu heftið og höguðu kennslu sinni.

Gerð var viðtalsrannsókn meðal kennaranna samhliða tilraunakennslunni og var eigindlegum aðferðum beitt við úrvinnslu gagnanna. Gagnasöfnun fólst í 10 viðtölum við þá fimm kennara sem tóku þátt í rannsókninni. Sömu kennarar voru einnig heimsóttir í kennslustundir og þar skráðar vettvangsnótur til að varpa frekara ljósi á upplifun kennaranna af kennslunni, virkni nemendanna og gang verkefnisins. Fyrri fimm viðtölin voru tekin um miðbik kennslutímans, á sama tíma og fylgst var með kennslustundum hjá kennurunum, en seinni viðtölin eftir lok kennslutímans. Viðtölin voru hálfopin einstaklingsviðtöl. Spurningarnar byggðust á fyrirframgerðum viðtalsramma þar sem áhersla var lögð á meginþætti rannsóknarinnar sem fram komu í markmiðum hennar og rannsóknarspurningum en gáfu kennurunum samt sem áður svigrúm til að koma sjónarmiðum sínum og upplifun að og ræða á opinskáan hátt um það sem þeim lá á hjarta og fá þannig hugsanlega meiri dýpt í viðfangsefnið.

Viðtölin voru hljóðrituð á vettvangi og síðan afrituð orðrétt. Fyrri viðtölin við kennarana voru 40 mínútur til ein og hálf klukkustund að lengd en seinni viðtölin voru mun styttri, 18 til um 40 mínútur. Þau voru sérstaklega notuð til að fylgja eftir, staðfesta og spyrja nánar út í atriði sem komu fram í fyrri viðtölunum. Notuð voru „gervinöfn“ við skráningu viðtala og vettvangsathugana til þess að virða trúnað.

Við söfnun og greiningu rannsóknargagnanna var stuðst við kerfisbundin vinnubrögð og stöðuga greiningu eigindlegra rannsóknargagna (Creswell og Poth, 2018; Charmaz, 2014). Rannsóknargögnin voru yfirfarin og flokkuð með ítarlegri kóðun í fyrstu, sem er grundvöllur þess að hægt sé að álykta út frá þeim, en síðan var notuð þemakóðun. Ekki var sett fram tilgáta um viðfangsefnið í upphafi rannsóknarinnar heldur var notuð aðleiðsla. Markviss ígrundun var notuð við úrvinnslu viðtalanna til að skoða upplifun rannsakanda, tengsl og viðhorf til

viðfangsefnisins og til að fylgjast með þróuninni sem varð eftir því sem rannsókninni vatt fram, gögnin urðu viðameiri og skilningur á viðfangsefninu jókst (Creswell og Poth, 2018; Charmaz, 2014).

Áherslan í hinum eigindlegu aðferðum er á kennurunum sjálfum sem uppsprettu og forsendu þess hvernig kennsluverkefnið fór fram. Þeir voru samstarfsaðilar frá upphafi og gáfu leyfi sitt til athugana og viðtala. Áhrif þeirra á kennsluverkefnið eru því óumdeild en ekki er heldur útilokað að fundir með rannsóknarteyminu þar sem fram fóru umræður um Laxdæla sögu og kennsluáðferðir og síðan íhlutun verkefnaheftisins hafi haft áhrif á bæði störf og viðhorf þeirra sjálfra yfir tímabilið og því sé um gagnkvæm áhrif að ræða. Kennararnir skrifuðu undir bréf um upplýst samþykki áður en viðtölin hófust og gagnkvæmum trúnaði og heilindum rannsakanda og kennara var lofað. Í upphafi viðtalanna voru þau fjögur meginatriði sem liggja til grundvallar þeim siðareglum sem gilda um svona rannsóknir kynnt. Þau eru: virðing, skaðleysi, velgjörðir/gagnsemi og réttlæti (Sigurður Kristinsson, 2013; Snæfríður Egilson, 2006). Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar og skráð hjá Vísindasiðanefnd Háskóla Íslands. Öll gögn eru ópersónugreinanleg.

Kennararnir fimm sem tóku þátt í rannsókninni voru konur sem kenndu íslensku á unglingastigi. Þær voru á aldursbilinu milli þrítugs og sextugs, allar menntaðir íslenskukennarar en með mjög mismikla kennslureynslu, allt frá tveggja til þriggja ára og í yfir þrjátíu ára reynslu. Þær hafa einnig mismunandi reynslu af og þekkingu á kennslu Íslendingasagna. Engin þeirra er heimspekikennari eða hefur kennt siðfræði áður en tvær þeirra hafa notað heimspekilegar samræður í kennslu. Kennararnir kenndu einum til þremur bekkjum Íslendingasögna Laxdæla sögu, sumar sínum umsjónarbekk eða nemendum sem þær þekktu vel, aðrar kenndu nemendahópum sem þær höfðu ekki kennt áður. Kennurunum voru gefin eftirfarandi gervinöfn:

Eva María kennari í Hamravíkurskóla.

Guðfinna kennari í Straumfjarðarskóla

Hrefna kennari í Viðvíkurskóla.

Svandís kennari í Straumfjarðarskóla.

Tinna kennari í Hamravíkurskóla.

## Niðurstöður

Úrvinnsla viðtalanna er hér rakin undir fjórum þemaflokkum. Í viðtölunum við kennarana kemur fram hvernig þeir setja siðfræðiverkefnið í samhengi við hugmyndir sínar um tilgang þess að kenna bókmenntir eins og Íslendingasögna Laxdæla sögu.

Í öllum viðtölunum kom fram sú skoðun kennaranna að eitt meginmarkmið bókmenntalesturs sé að njóta. Þetta kemur fram í því að þeim finnst mikilvægt að nemendum þyki gaman að lesa og gott að hlusta, fá áhuga á lestri bókmennta og hafi ástríðu fyrir slíkum lestri, en það sé einnig grundvöllur þess að komast inn í söguna, geta *sett sig í spor* sögupersóna og að lokum ná dýpri skilningi til að geta kafað dýpra og hugsað sjálfir. Þetta gengur í gegnum öll fjögur þemun og alla bókmenntakennsluna sem eitt aðalmarkmið þessa að vinna með Laxdæla sögu. Áhugi virðist vera bæði útgangspunkturinn og niðurstaðan.

Fyrsta þemað sem birtist með skýrum hætti í máli allra kennaranna var að þeir litu á það sem sitt hlutverk að vekja áhuga nemenda á námsefninu. Þær töluðu gjarnan um að kveikja áhugann og að ná nemendum með sér.

Annað þemað tengist þekkingaratriðum. Til þess að komast inn í söguna kom fram í máli kennaranna að nemendur þyrftu að ná ákveðnum grunni, í fyrsta lagi að læra að þekkja persónur og fylgja söguþræði (og því fylgir að skilja orðfæri Íslendingasagnanna). Í öðru lagi þyrftu þeir

að öðlast skilning á siðfræðihugtökunum sem lágu til grundvallar verkefnaheftinu sem fylgdi sögunni.

Þriðja þemað sem kennararnir lögðu áherslu á var það að nemendur gætu lifað sig inn í bókmenntirnar og *sett sig í spor* persónanna, og sumir kennarar virtust tengja það því að geta tekið afstöðu til siðferðilegra álitamála. Einnig fannst þeim siðfræðinálgunin styðja þetta markmið.

Fjórða þemað tengist síðan hugmyndum um að *brjóta heilann* og *kafa dýpra*. Markmiðið er að nemendur öðlist dýpri skilning, dragi sínar eigin ályktanir og verði sjálfstæðir lesendur og hugsandi manneskjur.

## Að kveikja áhuga á bókmenntum

Svandís kennari í Straumfjarðarskóla hefur verið kennari nokkuð lengi og hefur mikla reynslu af því að kenna Íslendingasögurnar. Hún ber kennsluaðferð sína í rannsóknarverkefnum saman við það þegar ákveðnar Íslendingasögur voru kenndar sérstaklega til samræmds prófs í 10. bekk: „Þá var þetta bara utanbókarlærdómur“ en núna segir hún að áherslan sé frekar á að nemendur upplifi það að Íslendingasögurnar séu „skemmtilegar sögur [...] af tíma sem var hér á landi“ til þess að „tengja svolítið við ræturnar [...]“. Hún segir að upp á síðkastið hafi þannig „skemmtanagildi“ sagnanna frekar ráðið ferðinni „maður hefur viljað að þetta sé gaman, þau hafi gaman af þessu og tengi við sögur sem eru skemmtilegar og fjalla um atburði sem eru áhugaverðir“.

Guðfinna kenndi einnig Íslendingasögurnar á því tímabili þegar prófað var úr þeim með samræmdum prófum og tekur í sama streng: „Það var náttúrulega spurt á samræmdu prófunum bara úr smáatriðum svolítið. Þannig að við fórum náttúrulega rosalega vel í þær.“ Hún segir að núna taki hún þær allt öðruvísi fyrir og reyni frekar „að láta krakkana njóta þess meira að lesa [...]. Við erum ekki að, endilega að kryfja hver sagði hvað við hvern og eitthvað svona heldur að skoða hana, skoða Íslendingasögurnar svona meira og [...] reyna að kveikja ást þeirra á Íslendingasögunum [...]“.

Í kennslunni kemur þetta fram í því að þær leggja ekki jafnmikla áherslu á alla söguna, eins og gert var fyrr, heldur á valda þætti, það sem þeim finnst mikilvægt og áhugavert, og dvelja minna við annað. Þær eru öruggar í þessum fornsagnaheimi, hafa kennt nokkrar Íslendingasögur og notað mismunandi aðferðir við það.

Tinna kennari í Hamravíkurskóla hefur ekki mikla reynslu af því að kenna Íslendingasögurnar en velur þá leið að lesa Laxdælu fyrir nemendur. Hún talar um mikilvægi þess að börn fái að njóta þess að hlusta á lestur. Sem dæmi um hversu áhugasöm þau eru nefnir hún hversu lítið hún þarf að hafa fyrir því að fá þau til að hlusta. „Þau eru fljót að gefa hljóð og eru tilbúin til að hlusta á söguna af því þau vilja meira.“

Eva María les einnig söguna fyrir nemendur, henni finnst það „alveg nauðsynlegt“ til þess að „allir fái söguna“. Þegar hún hefur lesið einn kafla útskýrir hún með stuttri endursögn á eftir svo allir skilji söguna. Hún tekur eftir því að nokkrir sem eru vanvirkir í verkefnavinnunni sýna samt sögunni áhuga og taka þátt í samræðum.

Hrefna kennari í Viðvíkurskóla fær sína nemendur til að lesa heima, helst upphátt, og ræða álitamál við fjölskyldumeðlimi. Hún hlustar eftir því hvað nemendum finnst áhugavert og reynir að dvelja við þau atriði í sögunni og dýpka þau fyrir nemendum. Hún segir að stúlkurnar í sínum bekk hafi til dæmis verið mjög uppteknar af konunum í sögunni; af Melkorku, Jórinni, Auði djúpúðgu, Guðrúnu og Þorgerði, sem hún gefi sér þá tíma til að velta fyrir sér. Hrefna hefur sjálf mikinn áhuga á Íslendingasögunum og vonast til að ástríða sín „smitist til nemendanna“. Hún bætir einnig við fróðleik til að vekja áhuga, segir nemendum til dæmis að þegar persónur í Íslendingasögunum fari til útlanda sé oft hægt að sjá þær í nýju ljósi, þannig sé til dæmis hægt að



kynnast Kjartani og Bolla betur þegar þeir fara til Noregs „og það var einhver sem sagði eitthvað svona, Kjartan er alveg eins og mamma hans, hann er sko ekki eins og pabbi hans“. Hún segir að þar sem Íslendingasögurnar séu svona fjarlægjar okkur í tíma þurfi jafnvel að leggja meira upp úr því að kveikja áhuga nemendanna.

Svandís segir að það sé mikilvægt að finna Íslendingasögunum „farveg þannig að þær eigi erindi við krakkana okkar í dag“. Þannig þurfi „að matreiða þetta rétt í byrjun“ og „ef maður [nær] þeim af stað þá finnst þeim þetta gaman“. Hún notar svokallaða sagnaadferð við kennsluna. Hún felst í því að endursegja söguna, með eigin orðum eins og hún sé að segja nemendum sögu. Hún fær þá til að lesa heima og segir að þeir vilji koma undirbúnir í tíma til að „vera með á nótunum“ og því virkar aðferðin sem eins konar upprifjun og útskýring á orðaforðanum sem er í bókinni. Henni finnst þessi aðferð virka vel fyrir sig til að ná nemendum með sér og fylgja sögunni. „Ég finn það að ég næ krökkunum,“ segir hún.

Drátt fyrir ólíkar aðferðir virðast allir kennararnir leggja áherslu á að nemendur fái áhuga á lestri Laxdælu og telja að það sé að einhverju leyti í sínu valdi að það gerist. Guðfinna segir að það sé „svo mikilvægt að þau fái áhuga á lestri. Mér finnst svo lítið gerast þegar krakki hefur ekki áhuga. Þá er hann bara að moka einhvern flór, og bara klára, „er þetta nóg?““ Áhuginn er síðan grundvöllur fyrir því að læra meira. En það tekst ekki alltaf að ná öllum með. Það er ábyrgð sem þær taka á sig sjálfar. Eins og Tinna segir: „Mér finnst þetta mjög gaman [en] þetta höfðar náttúrulega misvel til nemendanna.“ Hún segist útskýra mikið, stoppa og fá þá til segja sér hvað sé að gerast: „ég reyni að spyrja þau mikið bara hvað er að gerast þannig að mér finnst þau fylgja mér alveg ágætlega í þessu, eða fylgja sögunni“. Hún segir að nemendurnir hafi orðið mjög spennir þegar Guðrún giftist Bolla og verið vissir um að Kjartan myndi drepa hann.

Það voru alveg fastir spádómar þarna, þannig að það verður alveg spennandi að lesa af því við erum komin að ákveðnu uppgjöri í sögunni. Og þannig að mér finnst þau alveg [...] það er samt [...] ég þarna næ ekki öllum. Ég veit það, þau eru þarna einstaka [sem hugsa] Íslendingasaga sama sem drepleiðinlegt.

Hrefna tekur undir þetta:

Auðvitað eru alltaf einhverjir sem bara, sigla þarna í gegn og þetta verður bara eins og hver annar brotsjór, sko – en aðrir svona virkilega vakna, þú veist, og hafa jafnvel tekið einhver skref, þú veist, og farið eitthvað lengra, farið og náð sér í eitthvað meira efni eða [...] þú veist, það varð einhver skilningur.

Guðfinna er á sama máli:

Já, mér finnst það ekki vera markmiðið þegar þau eru búin að lesa Laxdælu að þau kunni hana utanbókar eða eitthvað slíkt en að þau hafi – hafi haft gaman af henni og ég held að það sitji frekar eftir – ef að þau hafa, ef maður nær að kveikja áhugann, að þá fari þau jafnvel að kafa dýpra.

## Þekkingaratriði

Þekkingaratriðin sem kennararnir lögðu áherslu á varða (i) hver er hvað í sögunni og (ii) dygðir og lesti sem fjallað er um í verkefnaheftinu.

- i. Að mati kennaranna var þekking á ýmsum staðreyndum sögunnar og söguþræði forsenda þess að sagan yrði áhugaverð. Kennararnir nota allir einhverjar leiðir til þess að vera vissir um að nemendur fylgi þessum þekkingaratriðum og séu „ekki alltaf að velta fyrir sér hver sé hvað“, eins og Guðfinna segir. Hún lagði próf fyrir nemendurna þegar þau voru komin nokkuð á veg með söguna til að þau myndu átta sig á persónum, nöfnum og ættartengslum:

„píndi þau svona svolítið til að leggja það á minnið“. Bæði Tinna og Eva María eru með ættartré uppi á töflu í sama tilgangi. Tinna sagði að þau hefðu orðið „svolítið rugluð [...] þá ákvað ég bara að teikna þetta upp fyrir þau“. Hún segir að þau hafi átt frekar erfitt með það þegar Guðrún kom inn í söguna af því að það var ekki hægt að tengja hana strax við ættartréð. „Bara hver er þetta, þessi Guðrún? Þannig að við förum svolítið í það. Ég bara: „þetta er bara stelpa af næsta bæ og svona [...]““

Hrefnu virtist nemandi vera að ruglast á persónum og fékk hann til að gera „portrett“ af þeim, einnig að myndgera valdar senur úr bókinni. Svandís var með nokkurs konar lestrarkönnun þar sem nemendur gátu flett upp í bókinni og tengt saman aftur til að rifja upp persónur og atburði og Guðfinna leyfði þeim að skrifa inn í lestrarbókina: „við höfum lofað að henda þessari bók þannig að ég er ekki eyða tíma í að skrifa nema bara svona til að átta sig á ef þau þurfa að rifja eitthvað upp hver er hvað“.

Þær nota því allar einhverjar leiðir til að leggja ákveðinn þekkingargrunn. En vilja „ekki leggja áherslu á það“ eins og Hrefna segir: „þetta er auðvitað svolítið drill svona, þú veist, hver var sonur hvers og svona du du du sem mér finnst ekki skipta höfuðmáli í kennslunni“.

Eva María segir að hún leggi „svolítið á [sig] til að þau skilji söguna, að þau skilji hvað er að gerast, því að ef þau gera það ekki, ef þau skilja ekki hvað er að gerast, þá getum við eiginlega gleymt því að tala um rest“. Hún segir að það sé erfitt að fara að tala um dygðir og lesti persónanna ef söguþráðurinn er ekki á hreinu. „En það fer ekki allt þúðrið í það hver átti heima hvar heldur frekar hvað er að gerast, hver er að gera hvað á hlut hvers og hvers vegna. Mér finnst þau hafa náð að fara inn í söguna þannig.“

- ii. Til grundvallar siðfræðikennslunni (siðferðilegum orðaforða og siðferðilegum hugtökum) liggur verkefnahefti þar sem áherslan er lögð á átta dygðir. Í upphafi er lögð áhersla á að skýra og skilja hvað dygd sé og hvað sé löstur en síðan eru átta dygðir og samsvarandi lestri sett í samhengi við persónur og atburði í fyrstu köflum Laxdælu.

Í samtali við alla fimm kennarana kom fram að þeim fannst skilningur nemenda á dygðaorðaforðanum vera mjög takmarkaður í upphafi verkefnisins. Eins og Eva María segir: „þau höfðu aldrei heyrt þessi orð nefnd, sko, fannst þeim allavega þegar við byrjuðum með þessi hugtök“. Henni fannst mikilvægt að fara hægt af stað og taka langan tíma í að vinna með hugtökin og skilning á þeim áður en þau byrjuðu að lesa söguna. Hrefna tekur undir þetta og segir að orð eins og *örlæti*, *gjafmildi*, *hófsemi* hafi ekki verið í virka orðaforðanum þeirra „þeim dagsdaglega“.

Tinna og Guðfinna eru á sama máli. Guðfinna segir að þau hafi ekki þekkt orðin sáttfýsi eða sanngirni, og orðið þrautseigja hafi líka verið þeim framandi í upphafi en síðan hafi þau verið farin að átta sig á merkingu þess þegar leið á verkefnið. Þær notuðu báðar góðan tíma í upphafi til að fara vel ofan í dygðirnar áður en nemendur byrjuðu að lesa söguna. Aftast í verkefnaheftinu er langur listi með orðum yfir dygðir sem Guðfinna notaði þegar hún bað nemendur að velja sér dygðir sem þeim þattu eftirsóknarverðar, ræða um þær og útskýra valið hver fyrir öðrum. Með þessu verkefni fengu nemendur tækifæri til að heyra mismunandi rökstuðning fyrir kostum og göllum dygða og lasta og tengja dygðirnar og lestina við sjálfa sig og sessunauta sína.

Svandís segir mikilvægt að „vera vakandi“ yfir því að nemendur auki við orðaforða sinn og segir að „ein leiðin [sé] að vera með markvissa hugtaka- og orðaforðakennslu því það komi alltaf net í kringum hana“. Hún hefur þær átta dygðir sem mesta áherslan er lögð á í verkefnaheftinu uppi á töflu og nemendur tengja þær við persónur í Laxdælu og við sitt eigið líf.

Allar segjast þær fara svipaða leið í upphafi, taka tíma í að útskýra og vinna með dygðir, skilgreina þær og skoða persónur Laxdælu með dygðahugtökin að leiðarljósi. Síðan tengja þær dygðirnar við söguna eftir því sem kaflarnir eru lesnir og taka fyrir ýmis síðferðileg álitamál í sögunni.

Tinna lýsir því hvernig staðan hafi verið um miðbik kennslunnar. Hún nefnir orð eins og þrautseigju og sáttfýsi sem hafi bæst við orðaforða barnanna síðan verkefnið hófst. Eftir að þau byrjuðu að vinna með dygðirnar og „spá og spögulera mikið í þeim, [heyrir hún] þau stundum tala, tala sín á milli“ um dygðir. Hún nefnir svo dæmi af strák „sem fór í smá fýlu á leiðinni út úr tíma“ hjá henni. „Ég sagði bara [...] ,heyrðu [...] það verður ekki meira úr þessu‘, eitthvað svona bara [...],já ég er *sáttfíus* maður“, svaraði hann.“

Eva María segir að nemendum finnist þeir vera „fornfálegir“ í tali þegar þeir noti orðin en séu farnir að nota þau bæði í gríni og alvöru. Hún hafi t.d. heyrt þá nota orðið *fiðlirfska* sem þeim finnist fyndið. Þetta kom einnig fram hjá öðrum kennurum, þ.e. að nemendum fannst síðferðilegu hugtökin jafnvel framandlegri en orðfæri Íslendingasögunnar. Eva María lýsir því síðan hvernig dygðaorðaforðinn hafi smitast út fyrir íslenskukennsluna. Við gerð bekkjarsáttmála hjá nemendum í einum bekknum sem hún kennir komu fyrir orð eins og *réttsýni*, *þrautseigja*, *heiðarleiki*, *friðsemd*, *hjálpsemi* og *gleði*. Hún segir einnig frá verkefni í samfélagsfræði sem fólst í því að taka ævisöguviðtöl við fólk á elliheimili. Einn drengurinn tók viðtal við gamla konu sem sagði honum frá því að hún hefði þurft að ganga þó nokkra vegalengd í skólann í öllum veðrum og stundum getað húkkað sér far með mjólkurbílnum. Kennarinn hlustaði á nemandann lýsa því yfir eftir viðtalið við konuna að hún hefði greinilega þurft að sýna „mikla *þrautseigju*“.

Nemendurnir þurftu fyrst að öðlast skilning á hugtökum og orðaforða, skilgreina og jafnvel læra utan að hvað þau þýddu. Síðan þurftu þeir að máta sig við þau og læra hvernig og hvenær væri hægt að nota þau, sem þeir voru byrjaðir að gera; í texta, samtali sín á milli og í samtali við eldra fólk.

## Að setja sig í spor persóna

Eins og áður sagði les Tinna Laxdæla sögu fyrir nemendur: „þeim finnst voða gaman að hlusta bara á sögur“. Þótt Tinna tali ekki um það þá felst í því að nemendur njóti þess að hlusta ósk um að þeir lifi sig inn í söguna, sjái hlutina fyrir sér og setji sig í spor sögupersóna. Hún hefur lesið ævisögur fyrir nemendur, til dæmis í tengslum við samfélagsfræði, til að dýpka fyrir þeim skilning á aðstæðum fólks á fyrri tímum og samþætta námsgreinar.

Vettvangsathugun hjá Tinna styður þá staðhæfingu að hún reyni að fá nemendur til að setja sig í spor persónanna. Hún tekur fyrir atburðinn þegar Kjartan hefnir sín á Bolla eftir stuldinn á sverðinu og motrinum, og lokar Laugamenn inni svo þeir komast ekki út til að gera þarfir sínar.

Kennari spyr: „Af hverju var ekki skynsamlegt hjá Kjartani að dreita Laugamenn inni? Hvað hefðu þið gert?“

Einn nemandinn, strákur, svarar: „leita sannana áður“.

Kennari er sammála því að það hefði verið skynsamlegra. Nú sé hins vegar „fullur fjandskapur milli Laugamanna og Hjarðhyltinga“, eins og segi í bókinni.

Tinna segist spyrja nemendur mikið af hverju persónur geri þetta eða hitt til þess að fá þá til að skilja hvaða tilfinningar liggja að baki. Hún segir: „ef maður grefur djúpt í söguna, þá finnur maður tilfinningar og fer að spyrja: af hverju er hann að gera þetta?“

Eva María sagði að nemendurnir hefðu lifað sig mjög mikið inn í söguna: „héldu með sínu folki og mynduðu sér strax skoðanir á sögupersónunum“. Hún ber saman kennslu Hrafnkels sögu

og Laxdælu og segir að nemendurnir hafi ekki náð að „samsama sig persónum jafnmikið“ í Hrafnkels sögu. „Það var þeim meira svona framandi [...] þau áttu kannski erfiðara með að setja sig einhvern veginn í spor sögupersóna.“ Hún telur að siðfræðivinkillinn og áherslan á dygðir og lesti sögupersónanna geri það að verkum að nemendur eigi auðveldara með að setja sig í spor persónanna og hafi meiri áhuga á því. Henni finnst þetta einnig hjálpa til við að þeir „hugsi aðeins dýpra“ um hvað liggur að baki gjörðum persóna, hverjar afleiðingar þessara gjörða eru og hvort því fylgi jafnvel eftirsjá sem sé í „fullkomnu samhengi við söguna og söguþráðinn“.

Ég held að til þess að skilja sögur, að ég tali nú ekki um til þess að skilja sögur um fólk, þá þarftu einhvern veginn að geta sett þig í spor þeirra og þetta hjálpar þar til.

Guðfinna vinnur einnig markvisst í því að fá nemendur til þess að lifa sig inn í hlutverk, þar sem þeir takast á við valin efni úr sögunni eða taka fyrir ákveðnar persónur til að fjalla um dygðir þeirra eða lesti. Í nótum úr vettvangsathugun kemur fram að strákar völdu að taka fyrir dygðina hugrekki með því að sýna sundkaffæringar Kjartans og Ólafs konungs úti í Noregi með tilheyrandi stimpingum, hnoði og leikrænum tilþrifum sem enduðu með vináttukossi við mikla kátínu bekkjarfélaga og kennara (það var ef til vill kærkomin tilbreyting að fá að slást í tíma). Guðfinna segir að nemendur hafi einnig heillast af Melkorku. „Þeim fannst hún svona spennandi týpa, mállaus konungsdóttir“ og sýndi svo mikla „*þrautseigju og lítillæti*“ að vera ekkert „að básúna því að hún væri konungsdóttir“. „Það eru einhverjir töfrar yfir henni, þau tengja hana við þennan bókaheim sem þau eru spennt fyrir, töfraheim.“ Guðfinna brýtur upp kennsluna með gerð leikþátta og stuttmynda til að hún verði ekki of einhæf, annars segir hún að það sé hætta á að nemendur festist bara í því að „svara spurningum úr sögunni, bara stöðugt einhver leitarlestur og þau eru kannski ekki einu sinni að lesa söguna, vita ekkert og gengur ekki út á að skilja eða að njóta þess að lesa söguna heldur gengur út á að finna – svörin.“

Hrefna leggur einnig áherslu á að það sé ekki það sama að lesa og að lesa. Hún lýsir því hvernig hún vann markvisst í því að fá nemendur til að setja sig í spor persónanna. Þegar hún ræddi um kaup Höskuldar á ambáttinni Melkorku fann hún að nemendur höfðu litlar skoðanir á málinu, en þegar hún lét þá leika mismunandi hlutverk í nokkurs konar leikþætti (þar sem Höskuldur t.d. skoðaði hendur Melkorku til að vita hvort hún gæti spunnið ull og kíkti upp í hana til að sjá hversu vel tennt hún væri) knúði hún þá á vissan hátt til þess að upplifa á eigin skinni hvernig væri að vera viðkomandi persóna.

Þannig að þetta er bara eins og alltaf, það þarf bara að svona hrökkva í gang [...] Þarna lásu þær bara samviskusamlega heima, þú veist, þær bara lásu texta, en þær voru ekkert að [rannsakandi: ekkert að hugsa?] þá er það bara svona ‚hei ég er búin að lesa heima‘ en núna finnst mér þetta bara, miklu meira, sko, sterkari skoðanir.

Hún segir að bókmenntakennslan snúist um að fá nemendur til „að tengja, tengja við þeirra samtíma og svona setja sig í spor“.

## Að brjóta heilann

Ef til vill er ekki að undra þótt kennarar komist ekki upp fleiri þrep en þau þrjú sem þegar hefur verið lýst; að ná utan um persónur og atburðarás, flókinn orðaforða, innleiða ný hugtök og kveikja áhuga barna á gamalli sögu um fyrstu kynslóðirnar eftir landnám Íslands. Er ekki nóg að geta sett sig í spor persónanna og náð söguþráðinum?

Það er þó eitt þrep eftir, sem er ef til vill það tímafrekasta og erfiðasta, en það er að brjóta heilann um hlutina og hugsa sjálf. Það að brjóta heilann miðar að því að fá nemendur til að hugsa sjálfir um söguna og draga sínar eigin ályktanir. Ef til vill hefur þetta alltaf verið markmið bókmenntakennara og bókmenntakennslu, að nemendur njóti þess að lesa á eigin forsendum og dragi sínar eigin ályktanir af efninu, þótt ekki sé alltaf skýrt hvernig það sé gert. Kennararnir sem tóku þátt í þessu verkefni hafa hingað til unnið með þessa þætti að einhverju marki eða að minnsta kosti viljað komast þangað.

Verkefnaheftið inniheldur skilgreiningar á dygðum og löstum, spurningar og hugmyndir um það hvernig má tengja Laxdælu og siðfræðikennslu. Flest verkefnið miða að því að skoða sögupersónur og atburði út frá breytni og gjörðum með það að markmiði að hjálpa bæði nemendum og kennurum markvisst og skipulega við að brjóta heilann um hlutina út frá dygðum og löstum. Mörg verkefni kalla á einhvers konar samanburð: Í fyrsta lagi samanburð á sögupersónum. Í öðru lagi samanburð og tengsl við nemandann sjálfan og veruleika hans. Í þriðja lagi samanburð við aðrar bókmenntir, kvikmyndir, tónlist og dægurmenningu. Í fjórða lagi samanburð á nútímanum og Laxdælutímanum, samfélagsgerð nú og þá (stjórnsmál samtímans/fréttir). Í fimmta lagi samanburð við heiminn í stærra samhengi.

Að sögn kennaranna eru þessi skref þau hin sömu og þær sjálfar vilja að nemendur taki í gegnum bókmenntakennsluna. Fyrst þurfa þeir að lifa sig inn í söguna, sjá fyrir sér og setja sig inn í aðstæður og í spor persónanna. Þeir þurfa að „tengja“, eins og Hrefna segir, „að tengja við textann“ þannig að hann sé ekki „bara orð á prenti“. Þeir þurfa einnig að þekkja siðfræðihugtökinn og söguþráðinn. Síðan virðist vera hægt að brjóta heilann.

Hrefna leggur mikið á sig til að fá nemendur til að setja sig í spor sögupersóna og gerir meira en það. Hún segir til dæmis: „þú ert [Melkorka] [...] og þú ert stödd í þessu“. Þannig setur hún ekki bara nemandann í spor sögupersóna heldur tekur næsta skref og biður hann að bera saman hlutskipti sitt og hlutskipti hennar. Það er ekki nóg að vera orðin Melkorka heldur þarf að fjarlægja sig textanum aftur og skoða hver sé munurinn á mér og Melkorku. Hver er munurinn á heiminum þá og nú? Hrefna segir að það að setja sig í spor Melkorku hafi leitt bekkinn út í „samræður um nútímaþrælahald og – mansal og [...] barnaþrælkun“ sem hún hafði áður tekið fyrir í kennslubók í tengslum við lífsleikni. Þannig eru nemendur farnir að bera saman sinn veruleika og „veruleika“ bókmenntapersónunnar Melkorku sem finnst í Íslendingasögu; skoða muninn á aðstæðum Melkorku og aðstæðum í nútímasamfélagi, í heiminum í dag. Hún segir að það sé mikilvægt að nemendur tengi söguna við samtíma sinn til að hafa skoðanir á hlutunum en hún víkkar síðan sjálf út tenginguna, tengir þau við allan heiminn. Lykilatriðið virðist vera að bera saman.

Tinna gerir slíkt hið sama. Hún fær nemendur til að tengja dygðirnar við sjálfa sig með því að láta þá skrifa dagbókarfærslu um kærleikann út frá þeim sem þeim þykir vænt um og kallar þannig fram samanburð á kærleika eins og hann birtist í sögunni annars vegar og eins og hann birtist í veruleika nemandans í nútímanum hins vegar. Þetta tengist ef til vill verkefnaheftinu, þar er nemandanum bent á að nefna persónur sem honum þykir vænt um og hann beðinn að útskýra af hverju. Tinna tengir þetta kennsluáðferðum sínum og því sem nemendur eru vanir að gera hjá henni, að skrifa dagbækur til að æfa ritun.

Guðfinna segist alveg vera hætt að „spyrja þau í hvaða sýslu gerðist þetta“ eða út í „einhver svona þekkingaratriði“. Nú segist hún nota söguna frekar sem „dæmisögu“. „Nú vill maður bara að þau geti lagt út frá, dregið ályktanir og lesið milli línanna.“ Hún notar mikið samræðuáðferðir við kennslu sína þar sem þau sitja saman í hring, lesa og rifja upp kaflann og velta síðan fyrir sér álitamálum. „Sko, ég er miklu minna að láta þau skrifa, meira að láta þau tala og spjalla [...] Um leið og þau eru komin í hring, þá eru þau komin í þann gírinn, en ég tek yfirleitt ekki umræður þar sem þau sitja í sínum sætum.“ Hún segir að þau hafi oft gleymt sér í spjallinu „við vorum að taka allan fjandann inn í þetta, sérstaklega kvenréttindi og jafnrétti og réttindi barna og umræðurnar fóru út um allt [...]“ Hún segir að nemendum hafi verið mjög umhugað um barn Geirmundar og Þuríðar sem Þuríður skipti út fyrir sverðið Fótbit. „Við lásúm um réttindi barna og Barnasáttmálann.“

Þarna er Guðfinna að tengja söguna veruleika nemenda, samfélagsgerð samtímans, lögum og reglum, og benda á muninn á heiminum í gamla daga og heiminum í dag. Hún virðist einnig gefa sér tíma til að hugsa með nemendum en segir að það erfiðasta fyrir hana sjálfa hafi verið að læra að halda aftur af sér og tala ekki of mikið sjálf. Leyfa þeim að tala. Eitt sinn kom upp umræða um hvort þunglyndi teldist vera löstur. Um þetta ræddu þau mikið út frá því að hvaða marki fólk



stjórnaði sjálfst dygðum sínum og löstum. Nemendunum fannst þunglyndi frekar vera sjúkdómur „og við vorum eiginlega búin að sammælast um það“.

Bæði Tinna og Hrefna nefna það að missa ekki af umræðutækifærunum. Hrefna nefnir sem dæmi að nemendur geti oft verið mjög dómharðir um sterkar kvenpersónur „eins og Hallgerður og Guðrún, þær eru oft dæmdar mjög hart“. Þá sé mikilvægt að taka umræðuna, „ekki að leyfa hlutunum bara að koma og vera“ heldur staldra við og „reyna að skoða aðstæður og ástæður“ og mismunandi sjónarmið. Tinna leitast við að komast að samkomulagi um rétta svarið. Markmiðið er ekki endilega að kryfja mismunandi sjónarmið og fá ólík svör heldur leita að svarinu saman. Ef þau finna ekki svarið sjálf þá segir hún að þau hafi tilhneigingu til að leita til hennar og spyrja „er þetta rétt, á ég að breyta? [...] en þau mega samt hafa sínar skoðanir“ ef þau eru ósammála. „Ég hef reynt að [hafa það þannig að] ef þér finnst þetta, þá er það í lagi.“

Eva María hefur einnig kennt samfélagsgreinar sem snúast mikið um ýmsar vangaveltur og samræður, þar sem hún segir að nemendur „máti sig í inn í alls konar aðstæður í samfélaginu“. Hún segir að sér finnist skemmtilegt „þetta samtal“ sem hún á við nemendur og það sé af svipuðum toga hér og hún sé vön. „Maður reynir að vera svolítið hlutlaus þótt maður sé það ekki, gefa þeim rými til að rökstyðja eigin skoðanir og finna þær út sjálf.“ Hún segir að það geti þó reynst erfitt að meta frammistöðu nemenda eða verkefni: „þú veist, hvað er kærleikur, af því að það er ekkert já eða nei, rétt eða rangt, kannski beint. Það er erfitt að segja bara þetta er rangt og þetta er rétt þegar nemendur eru svona að velta fyrir sér. Það hefur kannski reynst best að ræða það nánar.“ Hún lýsir því svo að þegar nemendur taka mjög harða afstöðu eða tjá öfgafullar skoðanir – eru jafnvel að reyna að ögra, sem leiðir gjarnan til þess að hinir nemendurnir taka mjög afdráttarlausa afstöðu á móti – þá skapist „einhverjar svona rökræður“ en yfirleitt leysist þær innan veggja stofunnar, „ég reyni að beina í farveg en þau sjá oftast um að greiða úr því sjálf“.

Svandís segir að siðfræðiumræðan geti verið krefjandi: „Maður þarf að vanda sig af því að við erum ekkert vön því að vera mikið í þessu í skólanum.“ Hún segir að sér hafi kannski ekki fundist nemendurnir sem hópur „komin á þennan stað að vera tilbúin í djúpar samræður“ og sér hafi fundist erfitt að fá þau í einlægar þælingar: „Það eru ekki nógu margir sem ráða við svona alvöru þælingar.“ Hún reyndi það en „það fer svolítið út í hvað mér finnst og þetta er náttúrulega af því að ég er íslenskukennari, ég er að kenna þeim málfræði sem er nú oftast svolítið klippt og skorin“. Hún segir samt að „þau [séu] alveg að velta fyrir sér ýmsum álitamálum“ og að skrifleg verkefni hafi komið vel út hjá sumum einstaklingum sem ekki hafi farið mikið fyrir í kennslustundunum sjálfum, svo sé hægt að nálgast námsefnið á mismunandi forsendum og því í lagi að þau séu ekki öll á sama stað. Eins og hún segir: „maður hefur auðvitað alltaf, í bókmenntakennslu, verið að vinna með siðfræði, en kannski ekki á eins meðvitaðan hátt“ og þess vegna finnst henni hugtakakennslan hjálpa til við að gera hana markvissari: „það er rosa flott að vera með átta hugtök og þetta eru hugtökin sem við æfum okkur að ná tökum á og það er bara frábært“.

Sem lokaverkefni fékk Svandís nemendur til að bæði rökstyðja hver væri aðalpersóna Laxdælu en einnig hvaða dygð væri eftirsóknarverðust í sögunni og hvaða persóna byggir yfir henni. Þeir fengu sem sagt tvö verkefni, annað um bókmenntir og hitt um siðfræði, sem þó tvinnuðust saman og kröfðust þess að nemendur leituðu sjálfir að svörunum og drægju sínar eigin ályktanir af sögunni: Yrðu sjálfstæðir lesendur og hugsandi manneskjur.

## Umræða og lokaorð

Í greininni er leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

- i. Hvernig þykir kennurum það fara saman að kenna um siðferði og að kenna bókmenntir eins og Laxdæla sögu?
- ii. Hvaða tilgang sjá kennarar með því að kenna Laxdæla sögu?

Í viðtölum við kennarana kemur fram hvernig þeir setja siðfræðiverkefnið í samhengi við hugmyndir sínar um tilgang þess að kenna Íslendingasöguna Laxdælu. Í stórum dráttum má segja að kennarar fari upp fjögur þrep til þess að tengja nemendur sögunni og þau miða öll að því að *njóta* bókmenntanna. Í öllum viðtölunum birtist sú skoðun kennaranna að tilgangur bókmenntalesturs sé að *njóta* hans. Þetta kemur fram í áherslu kennaranna á mikilvægi þess að nemendum finnist gaman að lesa og gott að hlusta, fá áhuga á lestri bókmennta og hafi ástríðu fyrir slíkum lestri. Í raun kemur fram viðhorf í þá veru að bókmenntir eigi að vera bæði mannþætandi og þroskandi og hafi listrænt gildi í sjálfu sér.

Það sem liggur að baki þessari sterku áherslu á áhuga á bókmenntum er ef til vill hægt að tengja við það sem Schiller (2006) sagði um listina að lifa og hvernig hún tengist frelsinu til að þroskast til fulls. Hér er á ferðinni einhvers konar leikur sem er leiddur af kennara sem vill kenna nemendum bókmenntaverk af ástríðu í stað þess að vera „bara að moka flór“, vill að þeir gefi sig ímyndunaraflinu á vald og sjái út fyrir sinn veruleika og inn í heim möguleikanna. Kennararnir sem rætt var við reyndu þannig að leggja rækt við mennskuna og tilfinningarnar ekki síður en að miðla þekkingu.

Áhuginn er fyrsta þrepið og útgangspunkturinn. Markmiðið er að nemendur komist inn í söguna, setji sig í spor sögupersóna og nái að lokum betri skilningi til að geta kafað dýpra og hugsað sjálfir. Þessa ábyrgð taka kennararnir á sig, það er í þeirra valdi að ná nemendunum með sér, kveikja áhugann, fá þá til að fylgja sér og sögunni og finnast þetta skemmtilegt. Þetta er samt sem áður ekki innihaldslaus skemmtun eða afþreying. Í raun er þetta menntandi tími og menntunin er sannarlega ekki fyrirhafnarlaus. Til þess að komast inn í Íslendingasögur þarf að setja sig inn í ýmis þekkingaratriði auk þess að fylgja söguþræði og persónum og því fór hluti tímans bæði í það að fræða nemendur um staðreyndir um þann heim sem sögurnar eru sprottnar úr og ýmsar orðskýringar og annað sem þarf til að þeir skilji sögurnar – auk þeirra siðferðilegu hugtaka sem bættust við. Þessi atriði voru nauðsynleg til að fjalla um söguna en voru kennurunum einungis annað þrepið í átt að dýpri skilningi. Markmiðið var að öðlast skilning á fólkinu sem sögurnar segja frá, að setja sig í spor fólks sem lifði við önnur kjör og aðra siði en við.

Nussbaum (2010) talaði um að ímyndunaraflið væri grundvöllur þess að geta sett sig í spor annarra og að listir gegndu mikilvægu hlutverki við að koma í veg fyrir þröngsýni og fordóma og að kenna börnum samhygð og umburðarlyndi fyrir því sem væri framandi. Hún sagði að með því að sjá heiminn með augum annarra lærðum við að lifa með öðrum manneskjum í heiminum af virðingu og innsýn. Þetta viðhorf kemur sterkt fram hjá kennurunum. Þeir leggja mikið á sig til að nemendur lifi sig inn í söguna, setja þá í hlutverk og fá þá til að velta fyrir sér stöðu persónanna í því samfélagi sem sagan lýsir. Þetta er þriðja þrepið og virtist vera mikilvægt bæði til að tengjast sögunni og til að geta tekið afstöðu til siðferðilegra álitamála. Einnig fannst þeim siðfræðinálgunin hjálpa til við þetta markmið.

Fjórða þrepið tengist síðan hugmyndum um að brjóta heilann og kafa dýpra. Þar kemur til sögunnar verkefnaheftið sem tengir Laxdæla sögu og siðfræði en einnig rík tillhneiging kvennanna fimm sem rætt var við til að fara út fyrir heftið en gera þó svipaða hluti og þar var að finna; það sem þær voru vanar að gera í bókmenntakennslu. Það að brjóta heilann kemur fram í nokkrum þáttum sem snúa að því að tengja nemendur með einum eða öðrum hætti við efniviðinn, t.d. fá þá til að bera saman persónueinkenni og dygðir og lesti persóna í sögunni, tengja söguna við sjálfa sig og sinn veruleika, tengja nútímann við heim genginna kynslóða og bókmenntaheiminn við veruleikann, skoða hlutina í litlu samhengi og í stóru. Það er freistandi að setja þennan samanburð og tengingar upp í nokkurs konar stig eftir aldri og þroska en þegar á allt er litið er markmiðið á endanum að öðlast dýpri skilning. Svárið við seinni rannsóknarspurningunni um tilgang þess að kenna bókmenntir eins og Laxdæla sögu er því í stuttu máli það að kennararnir litu svo á að bókmenntirnar hjálpuðu nemendum að setja sig í spor annarra, draga sínar eigin ályktanir og verða sjálfstæðir lesendur og hugsandi manneskjur, til viðbótar við það að setja sig inn í þekkingaratriði Íslendingasögu og njóta þess að lesa hana.

Þetta tónar ágætlega við niðurstöður úr rannsókn Kristjáns Jóhanns Jónssonar og Ásgríms Angantýssonar (2018) á íslenskukennslu í grunnskólum og framhaldsskólum þar sem kom fram að kennarar töldu að menntunar- og menningarlegt gildi bókmenntakennslu væri einkum þrennt: að öðlast „innsýn í mannlíf og samúð með öðru fólki“, kynna menningararfinn fyrir nemendum og lesa í merkinguna „á milli línanna“ (Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson, 2018, bls. 118).

Hvað viðkemur hinni rannsóknarspurningunni, þeirri fyrri, þá var athyglisvert hvað siðferðinálgunin rímaði vel við sýn kennaranna á bókmenntakennslu. Samkvæmt kennurunum hjálpaði skipulögð tenging við siðfræði og það að skoða persónur og gjörðir út frá sjónarhorni dygðanna nemendum að setja sig í spor persónanna og dýpkaði fyrir þeim söguna. Þannig túlkuðu þeir og skildu söguna, settu hana í samhengi við sjálfa sig og heiminn og í besta falli fékk siðfræðikennslan í bland við bókmenntasýn kennaranna þá til að njóta sögunnar og draga sínar eigin ályktanir af henni. Eins og Guðfinna sagði: „Ég hefði ekki viljað gera þetta öðruvísi [...] og ég finn að ég hef náð til þeirra með söguna [...]“

Að lokum má því segja að markviss umfjöllun um siðferðileg hugtök og samræða um siðferðileg efni geti, að mati kennaranna sem tóku þátt í verkefninu, bætt þekkingu unglinga á siðfræði, aukið áhuga þeirra á bókmenntum og hjálpað þeim að skilja bókmenntatexta.

### **Teaching ethics through literature**

The study reported on in this paper is part of a larger research project on moral education through literature. It focuses on how reading a great work of literature offers ample opportunities to discuss and reflect on the complexity of moral life and human association and how such reflection can simultaneously improve students' understanding of concepts and ideas necessary for ethical reasoning, spark interest in literature and assist them in better understanding literary texts.

The focus of this paper is on the insights and work experiences of five teachers of Icelandic literature in grade 9 and 10 in upper elementary school who teach a shortened version of *Laxdæla Saga*, with special emphasis on ethical concepts and ethical contemplations related to the Saga. The research aims to answer two main questions:

- I. From the teachers' point of view, how well does teaching ethics go together with the teaching of a literary work, such as *Laxdæla Saga*?
- II. How do teachers view the purpose of teaching a work of literature such as *Laxdæla Saga*?

These questions are answered by using qualitative research performed in three elementary schools in Iceland. The data collection involved 10 semi-structured interviews with five teachers and observational studies which took place in their classes.

The research data was analysed and categorised, with meticulous coding to begin with and later theme-based coding. All the teachers who participated in the research were women who taught Icelandic studies in 9th and 10th grade. They were between 30 and 60 years of age, all educated in Icelandic studies but with different levels of teaching experience, from two to three years to over thirty years.

In the semi-structured interviews, the teachers shared their experience of using supplementary materials and an approach to the saga that emphasised the use of ethical

concepts and vocabulary. In general, the teachers move through four steps to connect the students to the saga which all have to do with the students enjoying the work. From what they say about these four steps a view emerges to the effect that works of literature have an intrinsic value and studying them aims at human betterment.

The first step is to spark interest. This is revealed in the teachers' remarks on how important it is that students enjoy reading and like listening, gain interest in and have a passion for reading literature.

The second step is knowledge acquisition. The teachers all maintained that to dive deep into the saga the students must acquire certain basic knowledge; know who the main characters were, be able to follow the storyline and understand the fundamental ethical concepts included in the supplementary material provided by the research team.

The third step the teachers emphasised was the importance of students being able to fully submerge themselves into the saga and step into the characters' shoes. The teachers were also of the opinion that the ethics-based approach helped in that regard.

The fourth step relates to thinking and digging deeper. This is emphasised in the supplementary material which contains exercises and assignments that invite students to ponder open and difficult questions. All the teachers emphasised the importance of getting their students to think and dig deep and this was intertwined with their, apparently, traditional approach to the teaching of literature. Contemplating deeply – emerges in several aspects which revolve around connecting the students with the teaching material, in one way or another, for example by encouraging them to compare characteristics, virtues, and vices, to relate the material to themselves and their own reality, link their own present with by-gone eras and the world of literature with reality, to look at things in a small context and from a broad, whole world perspective. The aim is to gain a deeper understanding, draw their own conclusions, become independent readers and reasoning and thinking human beings.

According to the teachers, the association with ethics and looking at characters and deeds from the perspective of virtue ethics enabled the students to step into the characters' shoes and deepened their understanding of the saga. In that way, the students became literate in the saga, it was transferred to their own world context and helped them to enjoy the saga and reach their own conclusions regarding its content. In conclusion, it is fair to say that a discussion of ethical concepts and an interchange of ideas on ethical matters can, according to the participating teachers, make teenagers more interested in literature and help them to better understand literary texts.

**Key words:** Laxdæla Saga, The Saga of the People of Laxárdalur, teaching literature to teenagers, moral education, moral vocabulary, moral virtues, teaching democracy.

### Um höfundinn

Dóra Björg Sigurðardóttir (thorsi@hi.is) er doktorsnemi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún hefur fjallað um lýðræði og heimspekileg skrif kvenna á fyrri öldum.

### About the author

Dóra Björg Sigurðardóttir (thorsi@hi.is) is a PhD student at the School of Education, University of Iceland. Her publications include work on democracy and female philosophers of the past.

Þessi grein er hluti af rannsóknarverkefni sem var unnið með styrk úr Rannsóknarsjóði Íslands (nr. 163230-051) og þakka ég sjóðnum fyrir stuðninginn. Ég þakka samstarfsfólki mínu í rannsóknarverkefninu, Atla Harðarsyni, Ólafí Páli Jónssyni, Róberti Jack og Sigrúnu Sif Jóelsdóttur, fyrir samvinnuna og gagnlegar umræður um efnið. Kennurum og starfsfólki skólanna þakka ég einnig ánægjulegt samstarf. Loks vil ég þakka ritrýnum fyrir hjálplegar athugasemdir.

## Heimildir

- Arthúr Björgvin Bollason. (2010). *Lífsleikni Njálu – Siðfræðileg umhugsunarefni fyrir ungt fólk*. Kópavogur: Skólavörubúðin.
- Atli Harðarson. (2011). Húmanisminn, upplýsingin og íslenska stúdentsprófið. *Skírnir*, 185(1), 123–144.
- Atli Harðarson. (2018). Ógæfa Bolla Þorleikssonar: Hugleiðing um hvernig Laxdæla saga leggur til spurningar fyrir lesanda sinn en svarar þeim ekki. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir\\_listir\\_menntun/02.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/02.pdf)
- Atli Harðarson, Ólafur Páll Jónsson, Róbert Jack, Sigrún Sif Jóelsdóttir og Þóra Björg Sigurðardóttir. (2018). Laxdæla saga og siðferðilegt uppeldi í skólum. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir\\_listir\\_menntun/01.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/01.pdf)
- Brynhildur Þórarinsdóttir. (2002). *Drög að kennsluleiðbeiningum með Njálu fyrir 5.–8. bekk grunnskóla*. Sótt af [https://www.forlagid.is/nemendur/grunnskolar/Njala\\_leidbeiningar.pdf](https://www.forlagid.is/nemendur/grunnskolar/Njala_leidbeiningar.pdf)
- Charmaz, K. (2014). *Constructing grounded theory* (2. útgáfa). London: Sage.
- Creswell, J. W. og Poth, C. N. (2018). *Qualitative inquiry and research design. Choosing among five approaches* (4. útgáfa). California: Sage.
- Dagný Kristjánsdóttir. (2010). *Öldin öfgafulla, Bókmenntasaga tuttugustu aldarinnar*. Reykjavík: Bjartur.
- Du Bois, W. E. B. (2015). *The souls of black folk*. New Haven, CT: Yale University Press.
- Gísla saga* (endursögn Ragnars Inga Aðalsteinssonar). (2017). Kópavogur: Menntamálastofnun.
- Greene, M. (1973). *Teacher as stranger: Educational philosophy for the modern age*. Belmont, CA: Wadsworth Publishing Company.
- Kristján Jóhann Jónsson. (2016). Lífið og dauðinn, og önnur viðfangsefni bókmenntakennslu. *Tímarit Máls og menningar*, 77(4), 65–78.
- Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson (ritstjórar). (2018). *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Laxdæla saga* (endursögn Gunnars Karlssonar). (2017). Kópavogur: Menntamálastofnun.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2015). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti 2011* (2. útg. 2015). Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2016). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011 og greinasvið 2013* (3. útg. 2016). Reykjavík: Höfundur.
- Nussbaum, M. C. (1997). *Cultivating humanity: A classical defense of reform in liberal education*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Nussbaum, M. C. (2010). *Not for profit: Why democracy needs the humanities*. Princeton: Princeton University Press.
- Ólafur Páll Jónsson. (2018). Laxdæla sem fóður fyrir gagnrýna hugsun. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir\\_listir\\_menntun/06.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/06.pdf)



- Róbert Jack. (2018a). Dygðir, siðferði og siðferðisþroski: Að nota Íslendingasögur til mannkostamenntunar. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir\\_listir\\_menntun/09.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/09.pdf)
- Róbert Jack. (2018b). Dygðirnar í Laxdæla sögu: Efniviður fyrir mannkostamenntun. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir\\_listir\\_menntun/10.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/10.pdf)
- Róbert Jack. (2018c). *Laxdæla saga: Dygðakennsla*. Sótt af <https://klb.mms.is/klb/laxdæla/dyga-kennsla-rob-ert-jack/>
- Schiller, F. (2006). *Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins* (Arthúr Björgvin Bollason og Þröstur Ásmundsson þýddu). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 71–88). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Snæfríður Egilson. (2006). Á heimavelli. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötun, hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 107–121). Reykjavík: Háskólaútgáfan.



Þóra Björg Sigurðardóttir. (2018).

Siðfræði í bókmenntakennslu.

Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar.

Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir\\_listir\\_menntun/11.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/11.pdf)

<https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.24>